

Alþingi

Erindi nr. B 117 11482

komudagur 20 14 1994

TRYGGINGAEFTIRLITIÐ

SUDURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. Sími 685188 FAX 685253


Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Þórshamri
Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 1994

Hjálagt fylgir í ljósriti bréf til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins dags. í dag en ráðuneytið hefur óskað álits Tryggingaeftirlitsins á því hvort leggja beri til breytingu á frumvarpi til laga um váttryggingastarfsemi vegna athugasemda sem fram hafa komið við VI. kafla frumvarpsins sem fjallar m.a. um val á löggjöf um váttryggingasamninga en nefndinni er kunnugt um þessar athugasemdir.

Eins og fram kemur í bréfinu leggur Tryggingaeftirlitið ekki til neinar breytingar á frumvarpinu í þessu efni.

Virðingarfyllst
TRYGGINGAEFTIRLITIÐ



Erlendur Lárusson
forstöðumaður

ALG01BE4

TRYGGINGAEFTIRLITIÐ

SUÐURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. SÍMI 685188 FAX 685253

Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Laugavegi 116
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 1994

Tryggingaeftirlitið vísar til bréfs ráðuneytsins dags. 14. apríl sl. og erindis Árna Reynissonar um starfsábyrgðartryggingu vegna tryggingamiðlunar sem því fylgdi. Ráðuneytið óskar eftir afstöðu eftirlitsins til erindis hans, svo og eftir tillögum Tryggingaeftirlitsins til þingnefndar um breytingar á frumvarpi til laga um váttryggingastarfsemi telji eftirlitið það nauðsynlegt.

Bréf ráðuneytsins er tvíþætt. Hér er fjallað um þann þátt sem snýr að vali á váttryggingasamningalöggjöf, en um þann þátt frumvarps til laga um váttryggingastarfsemi sem nú er til meðferðar hjá Alþingi hefur verið töluvert rætt að undanförunu, m.a. í fjölmiðlum. Hefur komið á óvart hve mikið vægi sú umræða hefur haft og hvers eðlis sú gagnrýni er sem ítrekað hefur verið haldið á loft. Ekki hefur að neinu ráði borið á annarri gagnrýni á frumvarpið sem er mjög umfangsmikið og hefur í för með sér miklar breytingar á íslenskri löggjöf á þessu sviði.

Gagnrýnin á 61. - 63. gr. frumvarpsins sem fram hefur komið er efnislega í meginatriðum sú að það, að gera kröfu um þá almennu reglu í líftryggingum og fjöláhættugreinum að farið skuli að íslenskum váttryggingasamningalögum þegar váttryggingaskuldbinding kemst á hér á landi eða váttryggingaáhættan er hér á landi, sé slík viðskiptahindrun að það komi alfarið í veg fyrir að erlendir váttryggingaaðilar hafi áhuga á að veita þjónustu á íslenskum markaði. Heimila verði hinum erlendu aðilum að miða skilmála sína við löggjöf heima fyrir og þeim verði váttryggingatakar hér að lúta.

Engin skýr rök hafa fylgt þessari skoðun. Rætt hefur verið um þann bagga sem þýðingarskylda löggjafar, dóma, réttarreglna o.s.frv. hafi í för með sér fyrir hina erlendu aðila. Ekki hefur á hinn bóginn borið á að nefndur væri sá baggi sem það er fyrir hinn almenna váttryggingataka að eiga að tileinka sér erlenda löggjöf sem að baki váttryggingasamningi stendur, eða hin mikla ábyrgð sem hvílir á váttryggingamiðlara samkvæmt frumvarpinu (sbr. 83. gr.) að upplýsa væntanlega váttryggingataka um kjör og innihald þess sem í boði er, e.t.v. samkvæmt skilmálum sem reistir eru á erlendri löggjöf.

Vart er til sú atvinnu- og þjónustustarfsemi sem háð er strangari reglum, fleiri lagaákvæðum og víðtækara opinberu eftirliti en váttryggingastarfsemi og gildir það hvarvetna þar sem slík starfsemi er rekin. Þetta á bæði við um rekstur og starfsemi váttryggingafélaganna og um það sem lýtur að váttryggingatökum og þeim sem kröfur eiga á bótum, þ á m. um váttryggingasamninginn sem sá sem váttryggingu kaupir gerir við váttryggingafélag.

Ástæður þessa ætti að vera óþarft að rekja. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir þann sem verður fyrir tjóni að hann fái það bætt fjárhagslega, og þegar lífeyristrygging er tekin, að geta treyst því að staðið verði við samninginn um að lífeyrir verði greiddur frá þeim tíma, oft áratugum seinna, sem um er samið. Fjárhagur váttryggingafélaga verður að vera traustur til að þau geti staðið við þær miklu skuldbindingar sem í váttryggingasamningum felast. Almenn er váttryggingastarfsemi talin mjög flókin starfsemi og váttryggingasamningurinn, (váttryggingaskilmálarnir) oft torskildir almenningi, jafnvel þótt þeir séu á móðurmáli viðkomandi og reistir á löggjöfinni þar sem

viðkomandi býr eða hinar váttryggðu eignir og hagsmunir eru.

Það kemur því vart nokkru váttryggingafélagi á óvart eða öðrum sem starfa á váttryggingasviði og hafa tileinkað sér þekkingu og reynslu á því sviði, að reglur séu settar m.a. um val á váttryggingasamningalöggjöf í samræmi við lagareglur EES-samningsins, og að fylgja verði þeim reglum sem gilda í gistiríkinu í því efni.

Er Tryggingaeftirlitinu ekki kunnugt um gagnrýni af því tagi sem hér er á borð borin eða að viðskiptahindranir hafi verið nefndar í þessu sambandi. Flestir munu meta það svo, að það hafi eðlilega kostnað í för með sér fyrir váttryggingafélag sem hyggst hasla sér völl á nýjum markaði í einhverri alvöru, og að þýðingarkostnaður laga og reglna sé ekki umtalsverður í því sambandi.

Samstaða hefur verið um það hjá Evrópusambandinu, að um leið og einn sameiginlegur váttryggingamarkaður er myndaður með frelsi váttryggingafélaga til að veita þjónustu í öðrum aðildarríkjum á grundvelli eftirlits heimaríkis og margvíslegra samræmdra reglna, sé nauðsynlegt að efla neytendavernd og almennt þann þátt sem snýr að neytendahliðinni. Þetta kemur víða fram í lagareglum EES-samningsins og ekki síst í formálum að þeim. Nefna má ákvæði á viðskiptasviðinu sem sett eru till verndar neytendanum á sama tíma og svigrúm og frelsi á því sviði er aukið. Eftirlit með eignaraðild að váttryggingafélögum er t.d. hert mjög, kröfur um hæfi og fagþekkingu eru gerðar, m.a. til þeirra sem váttryggingamiðlun stunda, og settar eru reglur um eignir sem eiga að standa að baki váttryggingaskuldinni, þ.e. óuppperðum skuldbindingum vegna gerðra váttryggingasamninga.

Hvarvetna í þeim ríkjum sem eiga aðild að Evrópsku efnahagssvæði er sérstök löggjöf um váttryggingasamninga og sums staðar eins og á Norðurlöndum er að auki sérstök neytendalöggjöf á sviði váttrygginga.

Váttryggingasamningalöggjöfin hefur ekki verið samræmd í Evrópu, tillögur í því efni hafa verið lengi til umfjöllunar hjá Evrópubandalaginu en hafa strandað á því að löggjöfin er mjög mismunandi og sjónarmiðin einnig. Ríkin eru og almennt mjög mismunandi á vegi stödd að því er varðar neytendalöggjöf og áherslur á réttindi neytandans. Er vafasamt að í bráð verði unnt að samræma löggjöf ríkjanna í þeim mæli að slík ákvæði verði almennt tekin upp.

Jafnframt því að opinbert fyrirfram eftirlit með váttryggingaskilmálum er fellt niður á Evrópska efnahagssvæðinu, nema í lögboðnum váttryggingum og hjá útibúum félaga utan svæðisins, eru í lagareglum Evrópusambandsins sem eru hluti EES - samningsins ákvæði um að aðildarríkin geti kveðið á um, að löggjöfin þar sem skuldbinding kemst á, eða þar sem eignirnar eða hagsmunirnir eru sem váttryggðir eru (váttryggingaáhættan er), skuli gilda um váttryggingasamninginn. Vilkja má frá þeim reglum t.d. þegar um stóráhættu er að ræða (t. d. atvinnurekstur stærri fyrirtækja) en í þeim tilvikum er váttryggingataki ekki talinn þurfa á neytendavernd að halda í sama mæli og í svonefndum fjöláhættugreinum (t.d. líftryggingum, fjölskyldutryggingum, ökutækjetryggingum).


Norðurlöndin eru mjög framarlega á þessu sviði og fram hefur komið mjög staðfastur ásetningur þeirra ríkja að draga ekki úr þeirri neytendavernd sem byggð hefur verið upp, og löggjöfin heima fyrir kveður á um. Sérstök ákvæði eru í lagareglum EES-samningsins um að lög heima fyrir sem varða almannaheill ("general good") geti haldið gildi sínu og þar er m.a. átt við ákvæði á neytendasviði.

Norðurlöndin hafa því valið að setja samningsfrelsinu takmörk í þessum efnum, sbr. lög í Noregi nr. 111/1992 (lov om lovvalg i forsikring), í Svíþjóð lög nr. 654/1993 (lag om tillämplig lag för vissa försäkringsavtal), í Finnlandi lög nr. 91/1993 (lag om tillämplig lag vid vissa försäkringsavtal av internationell karaktär) og loks í Danmörku reglugerð nr. 976/1992 (bekendtgørelse om lovvalget for visse forsikringsaftaler). Lagareglur þessar fylgja hér með í ljósriti. Finanstillsynet í Danmörku hefur með bréfi til eftirlitsins 15. apríl sl. staðfest að þar gilda alfarið ákvæði lagareglna Evrópusambandsins um val á löggjöf um váttryggingasamninga (2. líf- og skaðatilskipun), þ.e.

samningsfrelsinu eru takmörk sett. Samkvæmt heimildum sem Tryggingaeftirlitið hefur aflað sér er mikill meirihluti ríkja í Evrópusambandinu fylgjandi sömu stefnu í þessu máli.

Tryggingaeftirlitið mun ekki leggja til breytingu á VI. kafla frumvarps til laga um váttryggingastarfsemi þ.e. kaflanum um val á löggjöf um váttryggingasamninga. Eins og gert er annars staðar á Norðurlöndum er lagt til, að ekki verði nýtt heimildarákvæðið um að auka enn frekar samningsfrelsið. Eru þá neytendasjónarmið fyrst og fremst höfð í huga og ólík löggjöf aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og mismunandi áherslur á neytendasviði.

Vísað er að öðru leyti til athugasemda með frumvarpinu bls. 64 - 66 við 61. - 63. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
TRYGGINGAEFTIRLITIÐ

Erlendur Lárusson

Afrit sent:

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis

Hjálagt:

Lagareglur um val á váttryggingasamningalöggjöf í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

HBR15BE4el